

Tillaga stjórnar VFÍ um stofnun kjaradeilusjóðs

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands leggur til að stofnaður verði Kjaradeilusjóður Verkfræðingafélags Íslands. Sjóðurinn verði aðeins ætlaður félögum í Kjaradeild VFÍ og aðeins þeir muni koma til með að greiða gjöld til sjóðsins, þegar þau verða innheimt.

Stofnframlag sjóðsins kemur alfarið úr vinnudeilusjóði Stéttarfélags verkfræðinga, sem var lagður niður við sameiningu Verkfræðingafélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga. Sjóðnum hefur verið haldið aðskildum frá öðrum fjármunum félagsins til þessa dags. Tillaga stjórnar felur í sér að það verði ekki greidd gjöld í sjóðinn á árinu 2026 og 2027, heldur renni aðeins vaxtatekjur til sjóðsins. Ákvörðun um sjóðsgjöld er á forræði aðalfundar, sbr. 23. gr. laga VFÍ. Ákvörðun um sjóðsgjöld árið 2028 verði tekin á aðalfundi 2027.

Tillagan felur í sér eftirfarandi breytingar á lögum VFÍ:

Við 12. gr. laga verði bætt við nýjum tölul. 8: „8. Stýra Kjaradeilusjóði VFÍ og setja sjóðnum starfs- og úthlutunarreglur, sbr. reglugerð um Kjaradeilusjóð.“

Tillagan felur í sér að Kjaradeilusjóði verði sett eftirfarandi reglugerð:

Reglugerð fyrir Kjaradeilusjóð Verkfræðingafélags Íslands

1. gr.

Sjóðurinn heitir Kjaradeilusjóður Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ). Lögheimili hans er að Engjateigi 9, Reykjavík og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja félagsmenn Kjaradeildar VFÍ sem geta ekki stundað vinnu/verða fyrir tekjutapi vegna kjaradeilna félagsins við atvinnurekendur. Þá er heimilt að greiða úr sjóðnum kostnað vegna kjaradeilna og framkvæmdar vinnustöðvunar, þ.m.t. lögfræðikostnað sem hlýst af ágreiningi um þessi atriði.

3. gr.

Félagsmenn í Kjaradeild VFÍ greiða sjóðsgjöld til Kjaradeilusjóðs. Aðalfundur ákveður sjóðsgjöld fyrir næsta almanaksár, sbr. 23. gr. laga VFÍ.

4. gr.

Stjórn Kjaradeildar VFÍ fer með stjórn Kjaradeilusjóðs VFÍ og er formaður Kjaradeildar jafnframt formaður sjóðsins. Um sjóðstjórn fer samkvæmt ákvæðum laga VFÍ um stjórn Kjaradeildar.

5. gr.

Hlutverk sjóðstjórnar er er að annast vörslu og ávöxtun sjóðsins. Stjórnin skal halda gerðarbók og skrá í hana allar greiðslur úr sjóði, framlög til sjóðsins og samþykktir stjórnar.

6. gr.

Rétt til greiðslu úr sjóðnum á sérhver félagsmaður VFÍ sem er skráður í Kjaradeild VFÍ, hefur greitt árgjald til VFÍ og er skuldlaus við félagið þegar greiðsla fer fram.

7. gr.

Stjórn Kjaradeilusjóðs setur nánari starfsreglur um greiðslur og starfstilhögun, þ.á m. hvenær skuli hefja úthlutun úr sjóðnum, upphæð greiðslna og greiðslutímabil. Úthlutanir skulu taka mið af stærð og eðli viðkomandi kjaradeilu og stöðu sjóðsins hverju sinni. Úthlutunarreglur sjóðsins skulu kynntar fyrir félagsmönnum eigi síðar en við upphaf vinnustöðvunar.

8. gr.

Ef stjórn VFÍ veitir til þess sérstakt leyfi getur stjórn Kjaradeilusjóðs tekið lán hjá félagssjóði eða hjá utanaðkomandi lánastofnun. Skilyrði þessa eru að sérstakar ástæður séu til lántöku.

9. gr.

Kjaradeilusjóður hefur sérstakan fjárhag. Sjóðstjórn skal gera grein fyrir starfsemi sjóðsins og leggja fram ársreikninga, endurskoðaða af endurskoðendum VFÍ, til samþykktir á aðalfundi VFÍ.

10. gr.

Hætti sjóðurinn störfum af einhverjum ástæðum, skal ákvörðun um það, og um ráðstöfun eigna sjóðsins, tekin á aðalfundi VFÍ.

11. gr.

Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi VFÍ.